

FYLGISEÐILL
Zantel Cat & Dog 50 mg/500 mg töflur fyrir hunda og ketti

1. HEITI OG HEIMILISFANG HANDHAFA MARKAÐSLEYFIS OG ÞESS FRAMLEIÐANDA SEM BER ÁBYRGÐ Á LOKASAMÞYKKT, EF ANNAR

Markaðsleyfishafi og framleiðandi:

Chanelle Pharmaceuticals Manufacturing Ltd.
Loughrea
Co. Galway
Írland

2. HEITI DÝRALYFS

Zantel Cat & Dog 50 mg/500 mg töflur fyrir hunda og ketti.
Prazíkvantel, fenbendazól

3. VIRK(T) INNIHALDSEFNI OG ÖNNUR INNIHALDSEFNI

Tafla til inntöku sem inniheldur:- prazíkvantel 50 mg, fenbendazól 500 mg
Kringlótt, daufgulbrún tafla með deiliskoru. Hægt er að skipta töflunni í fjóra jafna hluta.

4. ÁBENDING(AR)

Við þráðormum, bandormum, hakaormum og svipuormum

Til meðferðar á blönduðum sýkingum þráðorma og bandorma í hundum og köttum, m.a. af völdum eftirtalinna tegunda:-

Spóluorma *Toxocara canis, Toxocara cati, Toxascaris leonina*

Hakaorma *Uncinaria stenocephala, Ancylostoma caninum*

Svipuorma *Trichuris vulpis*

Bandorma *Echinococcus granulosus, Echinococcus multilocularis, Dipylidium caninum, Taenia spp. og Mesocestoides tegundum.*

Lyfið má einnig nota til að stuðla að því að halda í skefjum *Giardia* protozoa í hundum sem og *Aelurostrongylus abstrusus* lungnaormasýkingu í köttum.

5. FRÁBENDINGAR

Notið ekki hjá kettlingum yngri en 8 vikna.

Notið ekki hjá hvolpum undir 2 vikna aldri eða undir 0,5 kg þyngd.

Má ekki nota hjá kettlingafullum læðum.

Hvolpafullum tókum má aldrei gefa stærri skammt en ávísað er.

Má ekki nota hjá hvolpafullum tókum fyrir 39. dag meðgöngu. Lyfið má nota til meðferðar á hvolpafullum tókum á síðasta þriðjungi meðgöngu.

Hafið samráð við dýralækni áður en hvolpafullar tókur eru meðhöndlaðar við þráðormum.

6. AUKAVERKANIR

Engar þekktar.

Gerið dýralækni viðvart ef vart verður alvarlegra aukaverkana eða aukaverkana sem ekki eru tilgreindar í fylgiseðlinum.

7. DÝRATEGUND(IR)

Hundar og kettir.

8. SKAMMTAR FYRIR HVERJA DÝRATEGUND, ÍKOMULEIÐ(IR) OG AÐFERÐ VIÐ LYFJAGJÖF

Hvolpar og kettlingar yngri en 6 mánaða sem búið er að venja af spena

Skammtastærð er 5 mg af prazíkvanteli og 50 mg af fenbendazóli á hvert kg líkamsþunga (jafngildir ½ töflu á hver 5 kg líkamsþunga).

Meðferð á að fara fram í þrjá daga samfelld.

Mjólkandi tíkur

Skammtastærð er 5 mg af prazíkvanteli og 50 mg af fenbendazóli á hvert kg líkamsþunga á dag í þrjá daga samfelld (jafngildir ½ töflu á hver 5 kg í 3 daga).

Þar sem *Toxocara* getur borist úr dýrum í menn, getur þurft að endurmeðhöndla hvolpa og mjólkandi tíkur mjög reglubundið til þess að halda þessu sníkjudýri í skefjum.

Leita á ráða hjá dýralækni áður en hvolpar og mjólkandi tíkur eru endurmeðhöndluð til að halda *Toxocara* í skefjum.

Fullvaxnir hundar og kettir

Skammtastærð til meðferðar við ormasýkingum hjá fullvöxnum hundum er:

5 mg af prazíkvanteli og 50 mg af fenbendazóli á hvert kg líkamsþunga á dag í tvo daga samfelld (jafngildir 1 töflu á hver 10 kg á dag í 2 daga).

Skammtastærð til meðferðar við ormasýkingum hjá fullvöxnum köttum og til að stuðla að því að halda í skefjum *Aelurostrongylus abstrusus* lungnaormum í köttum og *Giardia* protozoa í hundum er 5 mg af prazíkvanteli og 50 mg af fenbendazóli á hvert kg líkamsþunga á dag í þrjá daga samfelld (jafngildir ½ töflu á hver 5 kg á dag í 3 daga).

9. LEIÐBEININGAR UM RÉTTA LYFJAGJÖF

Gefið til inntöku, annaðhvort beint eða blandað við fóður. Ekki er nauðsynlegt að gera ráðstafanir vegna mataræðis dýrsins eða svelta það. Matur getur bætt frásogið.

10. BIÐTÍMI FYRIR AFURÐANÝTINGU

Á ekki við.

11. GEYMSLUSKILYRÐI

Engin sérstök fyrirmæli eru um geymsluaðstæður dýrallyfsins.

12. SÉRSTÖK VARNADARORÐ

Þar sem einn algengasti bandormur í hundum og köttum (*Dipylidium caninum*) berst með flóm og tíminn þar til egg hans koma fram í saur (pre-patent time) er stuttur, er áriðandi að huga að flóavörn til þess að draga úr tíðni bandormssýkingar og hættu á endursýkingu.

EINUNGIS ÆTLAÐ TIL MEÐFERÐAR Á DÝRUM.

GEYMIÐ ÞAR SEM BÖRN HVORKI NÁ TIL NÉ SJÁ.

Þvöið hendur eftir að töflurnar hafa verið handleiknar.

13. SÉRSTAKAR VARÚÐARREGLUR VEGNA FÖRGUNAR ÓNOTAÐRA LYFJA EÐA ÚRGANGS, EF VIÐ Á

Farga skal öllum ónotuðum dýrallyfjum eða úrgangi vegna dýrallyfja í samræmi við gildandi reglur.

14. DAGSETNING SÍÐUSTU SAMPYKKTAR FYLGISEÐILSINS

28. nóvember 2023.

Ítarlegar upplýsingar um þetta dýrallyf eru birtar á heimasíðu Lyfjastofnunar Evrópu (EMA)
<http://www.ema.europa.eu/>.

Upplýsingar á íslensku eru á <http://www.serlyfjaskra.is>.

15. AÐRAR UPPLÝSINGAR

Má gefa mjólkandi dýrum.

Pakkningastærðir:

Ílát: 20, 24, 30, 50, 60, 96, 100 og 120 töflur

Þynnur og strimlar: 2, 3, 4, 8, 10, 12, 20, 24, 30, 48, 50, 60, 96, 100 og 120 töflur

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

IS/2/10/001/01